

Tilm. 14/2021/2021/Presidiet D 2022

Fyrri skjalsnúmer A 1822/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin
DRÖG

Forsætisnefndin forsætisnefndar um

Aðgerðir Norðurlanda gegn hægriöfgum

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til

að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 14/2021 varðandi „norrænar aðgerðir gegn hægriöfgum og allri annarri öfgahyggju sem er ógn við lýðræði okkar“ og álíti að afgreiðslu þeirra sé lokið af hálfu ráðsins.

Greinargerð

Tilmælin eru svohljóðandi:

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins hefur Norðurlandaráð þann 30. júní 2021 samþykkt eftirfarandi tilmæli að tillögu Forsætisnefndin

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum og Norrænu ráðherranefndarinnar

að að þær dýpki norrænt samstarf gegn hægriöfgum og allri annarri öfgahyggju sem er ógn við lýðræði okkar;
að að þær kanni hvaða aðgerðir þvert á landamæri gætu styrkt baráttuna gegn hægriöfgum og annarri öfgahyggju.

Svar frá norrænu ríkisstjórnunum

Norrænu ríkisstjórnirnar deila áhuga Norðurlandaráðs á að koma í veg fyrir og berjast gegn hægriöfgum og allri annarri öfgahyggju sem er ógn við lýðræði okkar. Það er mikilvægt til að ná fram Framtíðarsýn okkar 2030 um «félagslega sjálfbær Norðurlönd», og einkum Markmiði 12 í framkvæmdaáætluninni: «Viðhalda trausti og samkennd á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, aðkomu allra, bann við misrétti og tjáningarfrelsi».



Norrænu ríkisstjórnirnar komu á fót Norrænu tengslaneti gegn öfgahyggju árið 2015. Í tengslanetinu koma saman fulltrúar sem vinna að stefnumörkun á þessu sviði frá hlutaðeigandi ráðuneytum í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Þeir halda reglulega fundi og ráðfæra sig hver við annan um málefni sem varða stefnumörkun og þróun aðgerða í löndunum. Markmið tengslanetsins er meðal annars að tryggja greiða miðlun upplýsinga og samstarf milli Norðurlandanna á sviði forvarna gegn ofbeldisfullri öfgahyggju.

Norðurlöndin eiga einnig náið samstarf í tengslanetinu Nordic Safe Cities. Tengslanetið vinnur með forvarnir gegn öfgahyggju, kortlagningu og aðgerðir gegn hatursræðu á netinu og verndun lýðræðis. Samstarfið nær meðal annars til reglulegs samráðs um mörg verkefna tengslanetsins, þar á meðal Safe Urban Spaces. Auk þess tekur stjórn Nordic Safe Cities oft þátt í fundum Norræna tengslanetsins gegn öfgahyggju. Í Nordic Safe Cities taka þátt þrjár danskar, tvær finnskar, ein íslensk, tíu norskar og tvær sænskar borgir.

Fjöldi rannsóknarmiðstöðva og háskóla á Norðurlöndum stunda rannsóknir á öfgahyggju. Þær þróa faglega og fræðilega þekkingu á ástæðum og afleiðingum hægriöfga og skyldra fyrirbæra. Nú eru meðal annars tvö norræn samstarfsverkefni í gangi sem varða rannsóknir á öfgahyggju og sem eru fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni.

Verkefnið HEX-NA («Handling Extremism – Nordic Approaches») skoðar nánar samstarf milli stofnana varðandi forvarnir gegn róttækni og ofbeldisfullri öfgahyggju í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Fræðimenn frá háskólunum í Ósló, Gautaborg, Árósum og Åbo taka þátt í verkefninu. Enn fremur skoðar verkefnið «Pan-Nordic and Transnational Dimensions of Nordic Right-Wing Extremism» kortlagningu hægriöfga á Norðurlöndum. Teymi fræðimanna frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð tekur þátt í verkefninu. Afraksturinn verður þrjár skýrslur um (i) hægriöfgar á Norðurlöndum í sögulegu samhengi, (ii) ógnin frá núverandi hópum á Norðurlöndum og tengsl þeirra við alþjóðlegar hreyfingar hægriöfgamanna, og (iii) stefnumótun og aðgerðir á Norðurlöndum til að koma í veg fyrir hægriöfgar. Gert er ráð fyrir að báðum verkefnum ljúki á árinu 2022 og að þau stuðli að nýrri þekkingaröflun um bættar forvarnir gegn öfgahyggju á Norðurlöndum.

Auk þess hefur Dóms- og viðbúnaðarráðuneytið í Noregi nýlega fengið fjármagn frá Norrænu ráðherranefndinni til verkefnisins Áhættumat og enduraðlögun róttækra einstaklinga á Norðurlöndum - Samanburðargreining og tillögur. Verkefnið á að búa í haginn fyrir þekkingarmiðlun milli Norðurlandanna, stuðla að stefnumörkun og greina skilvirkar aðferðir og aðgerðir fyrir áhættumat og enduraðlögun róttækra einstaklinga á Norðurlöndum.

Álitið er að orðið hafi verið við tilmælunum.

Álit forsætisnefndar

Ríkisstjórnirnar lýsa víðtæku norrænu samstarfi til að koma í veg fyrir öfgahyggju, einkum á sviði rannsókna, og að ólíkar áætlanir virðist vera mikilvægar og viðeigandi.



Engar beinar upplýsingar koma fram um samnorrænar aðgerðir lögreglu og yfirvalda öryggismála til að berjast gegn öfgahyggju. Norðurlandabúar telja samkvæmt [rannsókn frá árinu 2021](#) að aðgerðir gegn brotastarfsemi yfir landamæri skipti einna mestu máli að eiga samstarf um á Norðurlöndum. Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svarið til greina og álíti tilmælin endanlega afgreidd af hálfu ráðsins, en að áfram verði grannt fylgst með þróun mála á þessu sviði.